



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á þemaþingi Norðurlandaráðs**

**Reykjavík  
15. mars 2023**

Kæru vinir frá Norðurlöndum, *kære nordiske venner*. Verið öll velkomin til Íslands. Ég vona að þið hafið notið dvalarinnar hér. Okkur er heiður að því hér á Íslandi að taka á móti ykkur og ég óska ykkur velfarnaðar við að ræða mikilvæg málefni á þessu árlega þemaþingi, ekki síst orkuöryggi á óróatínum.

Norræn samvinna hvílir á traustum grunni. Það er svo miklu fleira sem sameinar okkur en hitt sem sundrar. Og orðið „sundrar“ er í raun of sterkt í þessu sambandi. Nær væri að tala hér um ágreining eða áherslumun, kannski menningarmun. Saman viljum við á Norðurlöndum halda í það sem vel hefur gefist, það þjóðskipulag sem við höfum skapað og mótað í áranna rás, norræna velferðarkerfið.

Við megum svo sannarlega vera stolt af því. Lítum bara á lista yfir hitt og þetta sem varðar lífsgæði í heiminum. Þar erum við nær alltaf efst eða við toppinn. Á Norðurlöndum er ungbarnadauði fátíður, heilsa almennings betri en gengur og gerist og fólk lifir óvíða eins lengi. Í ríkjum okkar er meiri jöfnudur og meira jafnrétti en víðast annars staðar, meira frelsi og öryggi og minni spilling. Svo erum við Norðurlandabúar víst hamingjusamari en annað fólk, upp til hópa (hvort sem þið trúið því eða ekki).

Já, við erum víst módel, norræna módelið. Og af hverju erum við svona frábær? Varla er það veðrið og ekki er það hógværð sem útskýrir árangurinn ef ég held svona áfram! En er það kannski frekar réttur skammtur af sjálfsöryggi og sjálfstrausti? Sé sú raunin vil ég tengja það við hollt samband frelsis og ábyrgðar, einstaklings og samfélags. Á Norðurlöndum viljum við að hver manneskja geti sýnt hvað í henni býr, sjálfri sér og öðrum til heilla, en um leið skuli hvert og eitt okkar njóta nægrar aðstoðar ef á bjátar.

Svo held ég að okkur muni áfram miða í rétta átt ef við setjum okkur háleit markmið en viðurkennum um leið að við erum ekki fullkomín, að sitthvað megi betur fara og að enn sé mikið verk að vinna. Sumir hafa verið utangarðs í hinu norræna velferðarkerfi, ekki hefur alltaf verið komið eins vel fram við alla. Stundum hefur verið sköpuð glansmynd af göfugum stjórnvöldum og fagurri veröld þegar raunveruleikinn var naprari. Sú er enn raunin. *Norden* er ekki alltaf i *orden*.

Já, sjálfsrýni gerir okkur öllum gott og sömuleiðis megum við varast að festast í viðjum liðins tíma – við megum varast að festast í klisjum og staðalímyndum sem standast ekki tímans tönn.

En auðvitað getur það stundum verið gaman, kæru vinir – *kære nordiske venner*. Við Íslendingar skulum til dæmis trúá á álfa ef þið viljið, ágætu grannar á Norðurlöndum. Við skulum telja ykkur trú um (og jafnvel okkur sjálfum) að við lifum eftir einkunnarorðunum *þetta reddast*, að allt fari nú bara einhvern veginn og óþarf sé að skipuleggja of mikið fram í tímann. Eða að við séum óhemju þögul og dul, væntanlega út af sambýli við óblíð náttúruöfl öld fram af öld.

Í svipinn man ég ekki eftir fleiri klisjum – nema náttúrulega um ykkur, kæru gestir annars staðar frá Norðurlöndum. Eru ekki Svíar eins og þeir eru, skipulagðir í þaula, þjóðin sem fann upp öryggisbeltið? Eru Danir ekki rólegir í tíðinni, þekktir fyrir sitt *hygge* um heim allan? Eru Norðmenn ekki ennþá dálitlir sveitamenn í sér á sinn sæta hátt – þrátt fyrir allan olíuauðinn? Og eru Finnar ekki fólk hinna fáu orða svona eins og landar mínr – seiglan uppmáluð og *sisu* þeirra þekkti þjóðarkarakter?

Ég verð að viðurkenna að ég kannast ekki við neina palladóma af svipuðu tagi um hin fámennari í okkar hópi og hugsa ég þá til Færeyinga og Grænlendinga, Sama og Álandseyinga.

En hvað sem líður staðalímyndum, þá verðum við að hafna með öllu þróngum og fordómafullum skilyrðum fyrir því að hver megi tilheyra samfélögum okkar. Skilgreiningar okkar á því hvað það er að vera Íslendingur eða önnur þjóð á Norðurlöndum verða að vera víðar, ekki þróngar. Íslendingur getur til dæmis verið málóður og þrælskipulagður, og alveg laus við álfatrú svo að ég leiki mér með klisjur hér í síðasta sinn. En kannski trúir hann eða hún á eithvað annað, alveg án gamalla róta í íslenskum jarðvegi, eða bara á ekki neitt. Kannski lítur sa Íslendingur öðruvísi út en þær myndir sem við eignum af Gretti sterka eða Hallgerði langbrók, söguhetjum í fornsögum okkar. Og kannski getur sa Íslendingur ekki lesið þær bókmenntir, skilur ekki vel íslensku. En sa íbúi þessa lands er samt einn af okkur, á heima hér og getur sagt: Þetta er mitt land, Ísland.

Saman megum við líka hampa gömlum og góðum gildum, hampa sögu okkar og menningararfi. Um leið skulum við samt sýna vilja til að viðurkenna það sem miður fór og gerir jafnvel enn. Við eיגum því að berjast gegn öfgafullri þjóðernishyggju þar sem fortíðin er misnotuð til að vekja ótta og ógn, til að heyja stríð og kúga fólk eins og við þekkjum því miður svo vel í álfu okkar nú um stundir. Ættjarðarást á frekar að hafa fallegt og jákvætt yfirbragð. Í henni eiga að koma saman fortíð, nútíð og framtíð. Þar eiga að koma saman fornir þræðir og nýir, víðsýni og umburðarlyndi, fjölbreytni og frelsi. Sönn þjóðrækni á ekkert skylt við illsku og hatur í garð annarra, hún á ekkert skylt við þjóðrembu, útlendingaandúð og hvers kyns fordóma.

Þjóð með sjálfstraust þolir nefnilega fjölbreytni. Þjóð með sjálfstraust þolir þróun og breytingar. Þjóð með sjálfstraust þolir að gera grín að sér sjálfri og að aðrir gantist með mann. Þjóð með sjálfstraust hampar heilbrigðri ættjarðarást en upphefur ekki eigið ágæti.

Kæru vinir á Norðurlöndum, *kære nordiske venner*. Ég ítreka góðar kveðjur mínar, óska ykkur góðrar heimferðar eftir fundina hér. Þið eruð alltaf velkomin hingað á ný. Pakka ykkur fyrir.